

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

55. fundur.

að Hlíðavegi 6, 26. mars 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Forsvarsmenn Dimmuborga ehf. mæta til fundarins.
3. Hlutfjárloforð v/leigufélags Dvalarheimilis aldraðra.
4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.
5. Bréf frá Framsýn stéttarfélagi dags. 6. mars.
6. Deiliskipulag v/vatnstanks.
7. Áheit v/skólaferðalags 9. og 10. bekkjar Reykjahlíðarskóla.
8. Fundargerð Skólanefndar dags. 24. mars.

Til kynningar.

- Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 27. feb.
- Bréf frá skipulags- og byggingarfulltr. Fljótsdalshéraðs dags. 3. mars.
- Fundargerð Heilbrigðisnefndar NE dags. 4. mars.
- Fundargerð stjórnar DA og aðildarsveitarfélaga dags. 6. mars.
- Fundargerð stjórnar DA dags. 13. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Forsvarsmenn Dimmuborga ehf. mæta til fundarins.

Steinunn Ósk Stefánsdóttir og Gunnar Jóhannesson mættu til fundarins og kynntu hugmyndir sínar um rekstur þjónustuhús við Dimmuborgir. Um bráðabirgðahúsnæði er að ræða og fyrirhugað að opna í júní n.k. Gert er ráð fyrir að í húsnæðinu verði rekin verslun, veitingaaðstaða og snyrtingar. Forsvarsmenn Dimmuborga ehf. hafa gert fimm ára lóðasamning við Landgræðsluna. Sveitarstjórn fagnar því að loks hylli undir þjónustuuppbyggingu við Dimmuborgir.

3. Hlutfjárloforð v/leigufélags Dvalarheimilis aldraðra.

Vegna verulegs greiðsluvanda Dvalarheimilis aldraðra vegna nýbyggingar þjónustuíbúða við Útgarð 4, er verið að leita leiða til að endurfjármagna framkvæmdirnar. Liður í því er að stofna leigufélag um húsnæðið. Íslandsbanki er tilbúinn að fjármagna bygginguna þar til lánsloforð frá Íbúðalánasjóði fæst greitt og gegn því að aðildarsveitarfélögin leggi félaginu til hlutafé. Sveitarstjórn staðfestir hér með fyrri ákvörðun sína, sem tekin var á símafundi, um greiðslu hlutfjár vegna Leigufélags Hvamms ehf. við Útgarð, Húsavík. Greiðsla hlutfjárins er liður í fjármögnun félagsins vegna byggingaframkvæmdanna við Útgarð. Aðildarsveitarfélögin leggja fram allt að 40 milljónir króna í hlutafé, sem greiðist í samræmi við eignarhlut hvers sveitarfélags í félaginu skv. 4. gr. samþykpta Dvalarheimilis aldraðra sf.

4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.

Með bréfi dags. 12. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogafjós-café og til reksturs gistingar í gistiskálum Vogum 1. Eldra leyfi var á kennitölu Félagsbúsins Vogum 1 en nú er óskað eftir að nýtt leyfi verði gefið út á kennitölu Vogabús ehf. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt og endurnýjað á nýrri kennitölu.

5. Bréf frá Framsýn stéttarfélagi dags. 6. mars.

Með bréfi dags. 6. mars hvetur Framsýn stéttarfélag Skútustaðahrepp til að standa við áður gerða kjarasamninga og hækka laun þeirra starfsmanna sem áttu að fá launahækkun 1. mars s.l. en fengu ekki. Ástæða þess var að Samninganefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins höfðu ákveðið að fresta þeim launahækkunum sem til framkvæmda áttu að koma 1. mars. Framsýn mótmætti á sínum tíma þessari ákvörðun ASÍ og SA og taldi hæpið að atvinnurekendur geti frestað áður samþykktum launahækkunum. Flestir starfsmenn Skútustaðahrepps fá greidd laun skv. kjarasamningi

Framsýnar og Launanefndar sveitarfélaga sem gildir til 31. ágúst 2009, en þeir starfsmenn fengu launahækkun 1. des. s.l. sem fyrrnefndir starfsmenn fengu ekki.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við tilmælum Framsýnar og hækka laun þeirra starfsmanna sem áðurnefndur kjarasamningur á við um. Hækkunin gildir frá 1. mars.

Kristján tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

6. Deiliskipulag v/vatnstanks.

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir vatnstank sem fyrirhugað er að reisa norðan við núverandi tank. Smávægilega leiðréttingu þarf að gera á tillögunni viðkomandi lögnum að tankinum.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna þegar fyrrnefndar leiðréttingar hafa verið gerðar.

7. Áheit v/skólaferðalags 9. og 10. bekkjar Reykjahlíðarskóla.

Vegna fyrirhugaðs skólaferðalags nemenda 9. og 10. bekkjar Reykjahlíðarskóla til Ausurríkis á umhverfisráðstefnu, leituðu þau eftir stuðningi sveitunga sinna við ferðalagið í formi áheita. Ætlunin var að hjóla úr Mývatnssveit til Akureyrar á Skólahreysti grunnskólanna. Skútustaðahreppur hefur fram til þessa greitt fyrir far nemenda skólans til Akureyrar á fyrrnefnda keppni, en í þetta skiptið tóku foreldrar nemendanna að sér að sjá um aksturinn.

Sveitarstjórn samþykkir því að stykja skólaferðalag nemendanna sem samsvarar rútuferðalaginu til Akureyrar eða um kr. 100 þús.

8. Fundargerð Skólanefndar dags. 24. mars.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri hafi kynnt skóladagatal fyrir skólaárið 2009-2010 og tillögu að kennslustundafjölda og skólaakstri fyrir nýtt skólaár. Vikulegur kennslustundafjöldi á nemanda verður sá sami og á yfirstandandi skólaári og akstur skipulagður með sama hætti. Þá leggur skólastjóri og til að ráðnir verði 2 stuðningsfulltrúar í 150% stöðugildi. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga skólastjóra verði samþykkt. Í þriðja lið fundargerðarinnar er farið yfir ört hækkandi kostnað við aðföng í mötuneyti. Fram kemur að óumflýjanlegt er að hækka mötuneytisgjaldið umtalsvert. Skólanefnd leggur til að farið verði að tillögu skrifstofustjóra Skútustaðahrepps og að gjald fyrir morgunverð verði kr. 115,- og gjald fyrir hádegisverð verði kr. 285,-. Þá mælir Skólanefnd með að uppgjör vegna mötuneytis eftir skólaárið verði sent foreldrum til upplýsinga. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skólanefndar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.